



Leiðsögn

28 Október 2024 Kl 21.05
Trúnaðarráðsfundur
Fjarfundur

Fundinn sátu

- Halldór Kolbeins (HK) Formaður
 - Hildur Bjarnason (HB)
- Örvar Már Kristinsson (ÖMK)
 - Bergur Álfþórsson (BÁ)
 - Kári Jónason (KJ)
 - Bryndís Kristjánsdóttir (BK)
- Hildur Þöll Ágústsdóttir (HÞÁ)
 - Guðbjörn Guðbjörnsson (GG)
- Guðný Margrét Emilsdóttir (GME)
 - Daði Hrólffson (DH)
 - Daníel Perez (DP)
- Óskar Grímur Kristjánsson (ÓGK)
 - **Gestir fundarins eru**
 - **Bryndís Guðnadóttir frá VR**
- **Aðalheiður Rán Þrastardóttir frá VR**
- **Kolbrún Júlía Erlendsdóttir frá VR**
- **Jónas Yngvi Ásgrímsson frá VR**
- **Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR**

Fundargerð ritaði

Hildur Þöll Ágústsdóttir

Dagskrá fundar

Formaður gerir grein fyrir stöðu mála félagsins

Starfsfólk VR fer yfir stöðu mála sem komið hafa á borð til þeirra varðandi kjör og samninga

Framkvæmd sameiningar félaganna , umræða um hvernig sé best að gera það

Formaður leggur til að HÞÁ skrifi fundargerð

HK segir frá að skrifstofu hafi verið úthýst til VR 4 júlí og gengur það vel .

Kjarasamningur hefur verið yfirfarin og þýddur yfir á ensku .

Bókanir sem eru í kjarasamningi : Bókun um hæfnigreiningu og fagbréf . Bókun um gerfiverktöku og Bókun um öryggismál .Bókun um öryggismál snýr að fjallaleiðsögumönnum , haft var samband við þá í September eins og sagt er í samingi og eru mál á góðri leið . Skipa þarf í nefnd til að fylgja hinum bókunum eftir . Unnið er eftir samstarfssamningi sem skrifað var undir í vor .

Starfsfólk VR

Bryndís Guðnadóttir segir okkur frá að inn á þeirra borð hafa komið 34 mál sem hafa Stofnuð í þeirra kerfi,áður en samningur um samstarf var undirritaður voru 5 einstaklingar búnir að koma til þeirra . Mál eru eingöngu skrað inn ef þau fá gögn í hendurnar , stundum leysast mál á þann hátt að einstaklingar fá aðstoð til að hjálpa sér sjálfst .

Aðalheiður Rán tekur til máls , segir okkur að hún hafi fengið 28 mál inn á borð til sín í sumar , eldri 5 málin ekki þar inni , búið að fara yfir þau öll , sum voru fyrnd , sum hafa ekki unnist vegna skorts á gögnum og/eða fólk hefur ekki viljað fylgja þeim eftir .Flest málin snúa að einu og sama fyrirtækinu . Haft var samband við mannauðsstjóra þess fyrirtækis og komið á fundi . Virðist vera vilji til að bæta úr og verður bara að sjá hvað verður en þessum málum er fylgt eftir . Flestir þeir sem leita með sín mál til VR eru erlendir starfsmenn .Ítrekað er að kröfum er fylgt eftir , farið er eftir lögformlegum leiðum .Bryndís og Heidi segja það alveg ljóst að þær verða að

fá að vita um hugsanleg brot og að fólk snúi sér til skrifstofunnar með hver þau vafamál sem upp koma . Það snýr að öllum þáttum kjarasamnings , t.d túlkunaratriði á hvað/hvenær er ökuleiðsögn , að ekki snúið úr því .

Kolbrún Júlía

Hún segir okkur frá vinnustaðaeftirliti í sumar , hún fór upp í Landmannalaugar í sumar , hún fékk upplýsingar frá einstaklingi sem vinnur þar á sumrin. Þessi aðili var búinn að skrá niður öll fyrirtæki og starfsmenn sem eru með trekk ferðir Landmannalaugar /Þórsmörk í 7 – 8 ár og hann var með upplýsingar alveg 14 ár aftur í tímann .Það þurfti að vinna í samvinnu við skattinn og lögreglu , hvernig skattalög eru og osfrv.

88 fyrirtæki hafa verið að selja í svona trekk ferðir og þau fyrirtæki sem skoðuð voru í sumar þá var ekkert þeirra íslenskt , ekkert þeirra frá landi með tvísköttunarsamning við Ísland , enginn starfsmaður skráður inn í landið löglega og enginn íslendingur .Lögregla og skatturinn sáu svart á hvítu hversu slæmt ástandið er og er þetta vonandi að opna þeirra augu hversu mikil sjóræningjastarfsemi er í gangi . Það starfsfólk sem er á vegum þessara fyrirtækja eru verktakar , er þá með fulla ábyrgð á öllu því sem það gerir og að það er ótryggt ,réttlaust bæði hér og í heimalandinu og vinna langt undir lágmarkslaunum . Rætt var um að það þarf að fá skattinn meira með okkur í lið , að vinna tillögur til úrbóta , að ekki bara leggjast á löggjafann heldur einnig líka á embætti eins og Ríkisskattstjóra . Erlend fyrirtæki geti ekki unnið hér nema að vera skráð inn í landið , með þjónustustöð/útibú, með íslenska kennitölu. Umræða fór fram um að hversu nauðsynlegt það er fyrir verktaka að vera með allar sínar tryggingar á hreinu og það þarf að kynna þetta vel fyrir öllum þeim sem eru verktakar hér á landinu .Kolbrún segir að það sé verið að setja upp vinnuþátt fyrir næsta sumar þar sem þessari vinnu verður framhaldið .
Bryndís , Heiða og Kolbrún þakka fyrir sig .

Framkvæmd sameiningar

Ragnar Þór og Jónas Yngvi koma inn á fund .

Umræða fer fram um hvernig mótun nýja félagsins fer fram . Ragnar fer lauslega yfir sína sýn á málið , vill að vinnan verði hnitmiðuð og verði unnið hratt . Móta Leiðsögn sem deild innan VR . Jónas tekur undir með Ragnari og vill einnig að unnið verði hratt . Fundarmenn ræddu þetta mikið og flestir tjáðu sig . Samþykkt er að skipa nefnd , frá félagi Ökuleiðsögumanna , frá félagi Fjallaleiðsögumanna , 1 úr stjórn Leiðsagnar og 1 tilnefndur af trúnaðarráði og 3-4 frá VR . Að þessi nefnd vinni saman að þessari mótun , að tryggt sé að allt sé á forsendum Leiðsagnar en falli að lögum VR og hvað sé gerlegt , allt þarf að fara fyrir stjórn VR og það þarf að gera lagabreytingu hjá þeim .

Fundi slitið kl 22.48